

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/103****2019/EES/37/03****frá 23. janúar 2019****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar nánari útlitun, samræmingu og einföldun sem og styrkingu á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugum og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reynslan af framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ⁽²⁾ hefur sýnt að gera þarf minniháttar breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna.
- 2) Í því skyni að auka skýrleika laga, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfni og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd ætti að útlista, samræma eða einfalda tilteknar sértækar flugverndarráðstafanir.
- 3) Enn fremur gerir nýleg þróun, í tengslum við flugvelli og flugrekstur, tækniþekkingu og verndarþúnað til að takast á við breytingar á sviði ógnunar og áhættu, auk þróunar á sviði alþjóðlegra staðla og ráðlagðra starfsvenja Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar (ICAO), kröfu um að framkvæmdarreglum sé breytt til samræmis við það.
- 4) Breytingarnar varða ráðstafanir á sviði flugverndar, endurskoðun reglna um bakgrunnsskoðun til að efla verndarmeningu og álagsþol sem og innleiðingu og skilgreiningu á stöðlum um afkastagetu og notkun skósprenghjuskanna (SED) og greiningartækis fyrir sprengifimar gufur (EVD).
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 2019. Þó gildir 2., 20., 25., 26., 28. til 38. liður, 44. og 45. liður viðaukans við þessa reglugerð frá og með 31. desember 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 21, 24.1.2019, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 89/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XIII.viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 97, 9.4. 2008, bls. 72.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 frá 5. nóvember 2015 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjttíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.1.3.4 kemur eftirfarandi:

„1.1.3.4. Flugverndarleit skal fara fram, eins fljótt og unnt er, á þeim viðkvæmstu hlutum haftasvæðisins þar sem flugvernd kann að hafa verið spillt til þess að tryggja, með fullnægjandi vissu, að á svæðinu séu ekki neinir bannaðir hlutir, þegar einhverjir eftirtalinna hafa haft aðgang að því:

- a) óskimaðir einstaklingar,
- b) farþegar og flugverjar sem koma frá þriðju löndum, öðrum en þeim sem skráð eru í fylgiskjali 4-B,
- c) farþegar og flugverjar sem koma frá flugvöllum í Sambandinu þar sem viðkomandi aðildarríki hefur veitt undanþágu frá sameiginlegu grunnkröfunum, eins og kveðið er á um í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 (*), nema tekið sé á móti þeim við komuna og þeim fylgt út fyrir þau svæði í samræmi við lið 1.2.7.3.

Ákvæði þessa liðar telst uppfyllt varðandi loftför sem sæta flugverndarleit, og skal ekki gilda þegar einstaklingarnir, sem heyra undir liði 1.3.2 og 4.1.1.7, hafa haft aðgang að viðkvæmstu hlutum haftasvæða.

Að því er varðar b- og c-lið skal þetta ákvæði aðeins gilda um þá viðkvæmstu hluta haftasvæða sem notaðir eru fyrir skimaðan lestarfarangur og/eða skimaða brottfararfarþega sem fara ekki með sama loftfari og þessir farþegar og flugverjar.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2009 frá 18. desember 2009 um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugum og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir (Stj. tíð. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17).“

2) Í stað liðar 1.2.3 kemur eftirfarandi:

„1.2.3 **Kröfur um áhafnarskilríki og flugvallarskilríki í Sambandinu**

1.2.3.1. Áhafnarskilríki fyrir flugverja, sem eru ráðnir af flugrekanda í Sambandinu, og flugvallarskilríki er aðeins heimilt að gefa út til handa einstaklingi sem þarf á því að halda til að sinna starfi sínu og hefur gengist undir herta bakgrunnsskoðun með jákvæðri niðurstöðu í samræmi við lið 11.1.3.

1.2.3.2. Áhafnar- og flugvallarskilríki skulu gefin út með fimm ára gildistíma að hámarki.

1.2.3.3. Skilríki einstaklings, sem stenst ekki herta bakgrunnsskoðun, skal ógilda eða afturkalla án tafar, eins og við á, og skila til lögbærs yfirvalds, rekstraraðila eða útgefanda, eftir því sem við á.

1.2.3.4. Skilríkið skal jafnan bera þannig að það sé vel sýnilegt, a.m.k. þegar handhafi þess er á haftasvæði flugverndar.

Einstaklingur, sem ber skilríki sitt ekki með sýnilegum hætti á haftasvæðum flugverndar, að undanskildum svæðum þar sem farþegar eru, skal stöðvaður af einstaklingum, sem bera ábyrgð á því að framfylgja c-lið í lið 1.5.1, og skal það tilkynnt, eftir því sem við á.

1.2.3.5. Skilríkinu skal tafarlaust skilað við eftirfarandi aðstæður:

- a) ef lögbært yfirvald, rekstraraðili eða útgefandi óskar þess, eins og við á,
- b) við starfslok,
- c) ef skipt er um vinnuveitanda,
- d) ef þörfin á aðgangi að svæðum, sem heimild hefur verið gefin fyrir, breytist,
- e) ef skilríkið rennur út,
- f) ef skilríkið er afturkallað.

1.2.3.6. Útgefandanum skal tilkynnt, án tafar, um skilríki, sem hefur glatast, sem hefur verið stolið eða sem hefur ekki verið skilað inn.

1.2.3.7. Ógilda skal tafarlaust rafrænt skilríki sem er skilað inn eða sem er útrunnið og skilríki, sem hefur verið afturkallað, tilkynnt glatað, stolið eða ekki verið skilað inn.“

- 3) Í stað b-liðar liðar 1.2.6.3 kemur eftirfarandi:
„b) tengt við fyrirtæki eða einstakan, skráðan notanda ökutækisins í gegnum öruggan gagnagrunn ökutækjaskráningar.“
- 4) Í stað síðasta málslíðar í lið 1.2.6.3 kemur eftirfarandi:
„Einnig skal vera hægt að lesa rafræn leyfisbréf fyrir ökutæki rafrænt innan flugsvæðis.“
- 5) Í stað f-liðar liðar 1.3.1.1 kemur eftirfarandi:
„f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni (ETD) ásamt handmálmeitartæki (HHMD).“
- 6) Eftirfarandi g- og h-liður bætast við lið 1.3.1.1:
„g) skóskanna (SMD),
h) skósprenjuskanna (SED).“
- 7) Eftirfarandi málslíður bætist við í lok liðar 1.3.1.1:
„Aðeins er heimilt að nota skóskanna og skósprenjuskanna sem viðbótarúrræði við skimun.“
- 8) Í stað liðar 1.3.1.3 kemur eftirfarandi:
„1.3.1.3. Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda, snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni og snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt skósprenjuskanna sem viðbótarúrræði við skimun einstaklinga annarra en farþega eða sem annan ófyrirsjáanlegan kost ásamt handleit, handleit ásamt skóskanna, málmeitarhliði eða líkamsskanna.“
- 9) Eftirfarandi málslíður bætist við í lok liðar 3.1.3:
„Upptöku upplýsinganna hér að framan má geyma á rafrænu formi.“
- 10) Í stað liðar 4.0.3 kemur eftirfarandi:
„4.0.3 Farþegar og handfarangur þeirra, sem kemur frá aðildarríki þar sem loftfarið var í gegnumferð eftir að hafa komið frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 4-B, eða frá flugvelli í Sambandinu þar sem viðkomandi aðildarríki hefur veitt undanþágu frá sameiginlegu grunnkröfunum, eins og kveðið er á um í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1254/2009, skulu teljast farþegar og handfarangur, sem kemur frá þriðja landi, nema fyrir liggi staðfesting þess efnis að þessir farþegar og handfarangur þeirra hafi verið skimaður í samræmi við þennan kafla.“
- 11) Eftirfarandi liður 4.0.6 bætist við:
„4.0.6 Farþegar og handfarangur þeirra, sem kemur frá flugvelli í Sambandinu þar sem viðkomandi aðildarríki hefur veitt undanþágu frá sameiginlegu grunnkröfunum, eins og heimilað er í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1254/2009, skulu teljast farþegar og handfarangur, sem kemur frá þriðja landi, nema fyrir liggi staðfesting þess efnis að þessir farþegar og handfarangur þeirra hafi verið skimaður í samræmi við þennan kafla.“
- 12) Í stað f-liðar liðar 4.1.1.2 kemur eftirfarandi:
„f) snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni ásamt handmálmeitartæki.“
- 13) Eftirfarandi g- og h-liður bætast við lið 4.1.1.2:
„g) skóskanna (SMD),
h) skósprenjuskanna (SED).“
- 14) Í stað liðar 4.1.1.9 kemur eftirfarandi:
„4.1.1.9 Aðeins er heimilt að nota sprengjuleitarhunda, snefilgreiningartæki fyrir sprengiefni, skóskanna og skósprenjuskanna sem viðbótarúrræði við skimun.“
- 15) Í stað liðar 4.1.3.1 kemur eftirfarandi:
„4.1.3.1 Veita má vökva, úðaefni og geli, sem farþegar hafa meðferðis, undanþágu frá skimun með búnaði til greiningar sprengiefnis í fljótandi formi við komu inn á haftasvæði flugverndar, ef vökvinn, úðaefnið og gelið er í aðskildum ílátum sem rúma að hámarki 100 ml eða sambærilegt í gagnsæjum, endurlokanlegum plastpoka sem rúmar að hámarki einn lítra þannig að nægilegt rými sé fyrir innihald plastpokans og pokanum sé að fullu lokað.“
- 16) Liður 4.1.3.2 falli brott.

17) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 5.0.3:

„5.0.3 Lestarfaringur, sem kemur frá aðildarríki þar sem loftfarið var í gegnumferð eftir að hafa komið frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 5-A, eða frá flugvelli í Sambandinu þar sem viðkomandi aðildarríki hefur veitt undanþágu frá sameiginlegu grunnkröfunum, eins og heimilað er í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1254/2009, skal teljast lestarfaringur, sem kemur frá þriðja landi, nema fyrir liggi staðfesting þess efnis að lestarfaringurinn hafi verið skimaður í samræmi við þennan kafla.“

18) Eftirfarandi liður 5.0.6 bætist við:

„5.0.6 Lestarfaringur, sem kemur frá flugvelli í Sambandinu þar sem viðkomandi aðildarríki hefur veitt undanþágu frá sameiginlegu grunnkröfunum, eins og heimilað er í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1254/2009, skal teljast lestarfaringur, sem kemur frá þriðja landi, nema fyrir liggi staðfesting þess efnis að þessi lestarfaringur hafi verið skimaður í samræmi við þennan kafla.“

19) Í stað fylgiskjals 5-A í 5. kafla kemur eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 5-A

LESTARFARINGUR

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI

Að því er varðar lestarfaringur hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi:

Kanada

Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll (Vogar)

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Eyjan Mön (í Írlandshafi)

Jersey

Montenegro (Svartfjallaland)

Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll

Ísrael, að því er varðar Ben Gurion flugvöll

Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum í Sambandinu.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisáðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

20) Liður 6.1.3 falli brott.

21) Eftirfarandi kemur í stað d-liðar í lið 6.8.3.6:

„d) innihald sendingarinnar eða upplýsingar um sameinaðar sendingar, eftir því sem við á“.

22) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok liðar 6.8.3.6:

„Ef um er að ræða sameinaðar sendingar skal ACC3-flugrekandinn eða viðurkenndi umboðsaðilinn, sem hefur fengið ESB-fullgildingu flugverndar (RA3), sem framkvæmdi sameininguna geyma upplýsingarnar, sem krafist er hér að framan, fyrir hverja einstaka sendingu a.m.k. fram að áætluðum komutíma sendinganna á fyrsta flugvöll í Evrópusambandinu eða í 24 klukkustundir, hvort heldur varir lengur.“

23) Eftirfarandi liður 6.8.3.8 bætist við:

„6.8.3.8. Sendingar sem eru í gegnumferð eða flugskiptum við komu frá þriðja landi, sem er skráð í fylgiskjali 6-I, þar sem meðfylgjandi gögn uppfylla ekki lið 6.8.3.6 skulu meðhöndlaðar í samræmi við kafla 6.7 áður en næsta flug hefst.“

24) Eftirfarandi liður 6.8.3.9 bætist við:

„6.8.3.9. Sendingar sem eru í gegnumferð eða flugskiptum við komu frá þriðja landi, sem er ekki skráð í fylgiskjali 6-I, þar sem meðfylgjandi gögn uppfylla ekki lið 6.8.3.6 skulu meðhöndlaðar í samræmi við kafla 6.2 áður en næsta flug hefst. Fylgigögn sendinga sem koma frá þriðja landi, sem eru skráð í fylgiskjali 6-F, skulu í það minnsta uppfylla yfirlýsingu samkvæmt forskrift Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um vernd farms.“

25) Eftirfarandi liðir 11.0.8 og 11.0.9 bætist við:

„11.0.8 Að því er þennan kafla varðar merkir „róttækni“ það fyrirbæri þegar félagsmótun felur í sér að aðhyllast ófgakennd stefnumál og styðja viðhorf, skoðanir og hugmyndir sem gætu leitt til hryðjuverka.

11.0.9 Að því er varðar þennan kafla og með fyrirvara um gildandi löggjöf Sambandsins og landslög, skulu aðildarríki, þegar þau ákvarða áreiðanleika einstaklings sem undirgengst ferlið sem lýst er í liðum 11.1.3 og 11.1.4, a.m.k. taka eftirfarandi til athugunar:

a) brotin sem um getur í II. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/681 (*)

og

b) hryðjuverkin sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 (**).

Brotin, sem talin eru upp í b-lið, skulu teljast afbrot sem gera viðkomandi vanhæfan.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/681 frá 27. apríl 2016 um notkun farþegabókunargagna (PNR-gagna) til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir hryðjuverk eða annan alvarlegan verknað (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 132).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM (Stjtið. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).“

26) Í stað liðar 11.1 kemur eftirfarandi:

„11.1 RÁÐNINGAR

11.1.1. Starfsfólk, sem er ráðið til að framkvæma eða til að bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangsstýringu eða annað flugverndareftirlit á haftasvæði flugverndar, skal hafa staðist herta bakgrunnsskoðun með jákvæðri niðurstöðu.

11.1.2. Starfsfólk, sem er ráðið til að framkvæma eða til að bera ábyrgð á því að framkvæma skimun, aðgangsstýringu eða annað flugverndareftirlit annars staðar en á haftasvæði flugverndar eða sem hefur aðgang án fylgdar að flugfarmi og -pósti, pósti og rekstrarvörum flugrekanda, birgðum til notkunar um borð og flugvallarbirgðum sem sætt hafa tilskildu flugverndareftirliti, skal hafa gengist undir hefðbundna eða herta bakgrunnsskoðun með jákvæðri niðurstöðu. Í samræmi við viðeigandi landsreglur skal hlutaðeigandi yfirvald ákvarða hvort hert eða hefðbundin bakgrunnsskoðun verði að fara fram, nema annað sé tiltekið í þessari reglugerð.

11.1.3. Í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins og landslög skal hert bakgrunnsskoðun a.m.k.:

a) sanna deili á einstaklingi á grundvelli skjala,

b) ná yfir sakaskrár í öllum búseturíkjum a.m.k. næstu fimm árin á undan,

c) ná yfir störf, menntun og hvers konar rof þar á, a.m.k. næstliðin fimm ár,

d) ná yfir gögn og hvers konar aðrar viðeigandi upplýsingar sem eru tiltækar lögbærum landsyfirvöldum og þau telja að skipti máli varðandi hæfi einstaklings til að gegna starfi sem krefst hertrar bakgrunnsskoðunar.

- 11.1.4. Í samræmi við viðeigandi reglur Sambandsins og landslög skal stöðluð bakgrunnsskoðun a.m.k.:
- a) sanna deili á einstaklingi á grundvelli skjala,
 - b) ná yfir sakaskrár í öllum búseturíkjum, a.m.k. næstliðin fimm ár,
 - c) ná yfir störf, menntun og hvers konar rof þar á, a.m.k. næstliðin fimm ár.
- 11.1.5. Bakgrunnsskoðun eða hertri bakgrunnsskoðun, samkvæmt a- til c-lið, skal lokið áður en einstaklingur fær grunnþjálfun í flugvernd sem felur í sér aðgang að viðkvæmum verndarupplýsingum sem eru ekki aðgengilegar almenningi á grundvelli gagnaverndar. Þar sem við á skal hertri bakgrunnsskoðun, samkvæmt d-lið, lokið áður en einstaklingi er leyft að framkvæma eða bera ábyrgð á framkvæmd skimunar, aðgangsstýringar eða öðru flugverndareftirliti.
- 11.1.6. Einstaklingur skal ekki teljast hafa staðist herta eða staðlaða bakgrunnsskoðun ef öllum þáttunum, sem tilgreindir eru í liðum 11.1.3 og 11.1.4, er ekki lokið með jákvæðri niðurstöðu eða ef þessir þættir veita ekki, á einhverjum tímamarki, nægilega mikla tryggingu fyrir áreiðanleika einstaklingsins.
- Aðildarríkin skulu leitast við að koma á viðeigandi og skilvirku fyrirkomulagi til að tryggja upplýsingaskipti á landsvísu og við önnur ríki í þeim tilgangi að útlista nánar og meta upplýsingar sem skipta máli fyrir bakgrunnsskoðun.
- 11.1.7. Bakgrunnsskoðanir skulu falla undir annað hvort eftirfarandi atriða:
- a) fyrirkomulag þar sem stöðug endurskoðun þáttanna, sem tilgreindir eru í liðum 11.1.3 og 11.1.4, fer fram með tafarlausri tilkynningu til lögbærs yfirvalds, rekstraraðila eða útgefanda, eftir því sem við á, um öll þau atvik sem gætu haft áhrif á áreiðanleika einstaklingsins; koma skal á fyrirkomulagi og vöktun þess að því er varðar tilkynningar, skipti á upplýsingum og innihald þeirra á milli lögbærra yfirvalda, rekstraraðila og útgefanda, í samræmi við landslög, eða
 - b) skoðanir skulu endurteknar með reglulegu millibili, eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti fyrir herta bakgrunnsskoðun eða á þriggja ára fresti fyrir staðlaða bakgrunnsskoðun.
- 11.1.8. Ráðningarferlið fyrir alla einstaklinga, sem ráðnir eru samkvæmt liðum 11.1.1 og 11.1.2, skal a.m.k. fela í sér skriflega umsókn og viðtal sem eru hugsuð sem frummat á getu og hæfni.
- 11.1.9. Einstaklingar, sem eru ráðnir til að framkvæma flugverndareftirlit, skulu hafa þá andlegu og líkamlegu getu og hæfni sem þarf til að sinna verkefnum með skilvirkum hætti og skal þeim gerð grein fyrir eðli þessara krafna í upphafi ráðningarferlisins.
- Meta skal getu og hæfni í ráðningarferlinu og áður en reynslutíma lýkur.
- 11.1.10. Geyma skal skjöl um ráðningar, þ.m.t. niðurstöður úr hvers konar matsprófum, allra einstaklinga, sem ráðnir eru samkvæmt liðum 11.1.1 og 11.1.2, a.m.k. jafnlengi og samningur þeirra gildir.
- 11.1.11. Til að takast á við innri ógn, og þrátt fyrir inntak starfsþjálfunar og þá hæfni sem talin eru upp í lið 11.2, skal verndaráætlun rekstraraðilanna og aðilanna, sem um getur í 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, taka til viðeigandi innri stefnumála og tengdra ráðstafana til að auka vitund starfsfólks og efla verndarmenningu.
- 11.1.12. Bakgrunnsskoðanir, sem lokið er með jákvæðri niðurstöðu fyrir 31. desember 2020, skulu vera gildar þar til þær renna út eða í síðasta lagi fram til 30. júní 2023, hvor dagsetningin sem kemur fyrir.“

27) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok liðar 11.1.2:

„Eftir 31. júlí 2019 skal athugun í aðdraganda ráðningar hætt. Einstaklingar, sem athugun hefur verið gerð á í aðdraganda ráðningar, skulu gangast undir bakgrunnsskoðun eigi síðar en 30. júní 2020.“

28) Í stað k-liðar í lið 11.2.2 kemur eftirfarandi:

„k) getu til að tjá sig greinilega og af öryggi og“.

29) Í lið 11.2.2 bætist eftirfarandi l-liður við:

„l) þekkingu á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

30) Í stað b-liðar í lið 11.2.3.2 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

31) Í stað b-liðar í lið 11.2.3.3 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

32) Í stað a-liðar í lið 11.2.3.6 kemur eftirfarandi:

„a) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum um flugverndarleit í loftfari og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

33) Í stað a-liðar í lið 11.2.3.7 kemur eftirfarandi:

„a) þekkingu á því hvernig verja eigi loftfar og koma í veg fyrir óheimilan aðgang að því og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

34) Í stað b-liðar í lið 11.2.3.8 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

35) Í stað b-liðar í lið 11.2.3.9 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

36) Í stað b-liðar í lið 11.2.3.10 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

37) Í stað b-liðar í lið 11.2.6.2 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

38) Í stað b-liðar í lið 11.2.7 kemur eftirfarandi:

„b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum og á þáttum sem stuðla að því að koma á traustri og álagsþolinni verndarmenningu á vinnustaðnum og á flugsviðinu, m.a. þekkingu á innri ógn og róttækni.“

39) Í stað b-liðar liðar 11.3.1 kemur eftirfarandi:

„b) endurvottun á a.m.k. þriggja ára fresti að því er varðar einstaklinga sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis og“.

40) Í stað liðar 11.3.2 kemur eftirfarandi:

„11.3.2 Einstaklingar, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis, skulu standast staðlað próf í myndtúlkun sem er hluti af upphafsferli fyrir vottun eða samþykki.“

41) Í stað liðar 11.3.3 kemur eftirfarandi:

„11.3.3 Ferlið fyrir endurvottun eða endurnýjun á samþykki fyrir einstaklinga, sem nota röntgenbúnað eða búnað til greiningar sprengiefnis, skal bæði fela í sér staðlað próf í myndtúlkun og mat á frammistöðu við vinnu.“

- 42) Í lið 11.4.1 fellur eftirfarandi málsgrein brott:
„Niðurstöður prófanna skulu afhentar einstaklingnum, þær skulu skráðar og heimilt er að taka tillit til þeirra sem hluta af endurvottunarferlinu eða ferlinu við endurnýjun á samþykki.“
- 43) Í stað liðar 11.4.2 kemur eftirfarandi:
„11.4.2 Mat á frammistöðu einstakra vopnaleitarmanna skal fara fram við lok hvers sex mánaða tímabils. Niðurstöður þessa mats:
a) skulu afhentar einstaklingnum og skráðar,
b) skulu notaðar til að auðkenna veikleika og öðlast upplýsingar til að breyta þjálfun og prófunum í framtíðinni til að ráða bót á þessum veikleikum og
c) má nota sem hluta af endurvottunarferli eða ferli við endurnýjun á samþykki.“
- 44) Í stað a-liðar í lið 11.5.1 kemur eftirfarandi:
„a) hafa gengist undir herta bakgrunnsskoðun með jákvæðri niðurstöðu í samræmi við lið 11.1.3,“.
- 45) Í stað a-liðar í lið 11.6.3.5 kemur eftirfarandi:
„a) hafa gengist undir herta bakgrunnsskoðun í samræmi við lið 11.1.3,“.
- 46) Eftirfarandi málslíður bætist við í lið 11.6.5.5:
„Heimilt er að rafræn undirskrift fyrir skjál í heild sinni komi í stað merkingar hvorrar síðu með upphafsstöfum.“
- 47) Eftirfarandi liðir 12.0.4 og 12.0.5 bætist við:
„12.0.4 Þar sem nokkrar tegundir verndarbúnaðar eru sameinaðar skal hver og ein þeirra hlíta skilgreindum forskriftum og uppfylla þá staðla sem settir eru fram í þessum kafla, bæði staka og samsetta.
12.0.5. Búnaður skal staðsettur, uppsettur og honum viðhaldið í samræmi við kröfur framleiðanda búnaðarins.“
- 48) Líður 12.1.1.8 falli brott.
- 49) Í stað síðasta málslíðar í lið 12.5.1.1 kemur eftirfarandi:
„Þegar samsettar hættuhermimyndir eru notaðar við vörpun hættuhermimynda með búnaði til greiningar sprengiefnis, sem er alfarið notaður við skimun lestarfangurs, gildir krafan í b-lið aðeins frá og með 1. september 2020.“
- 50) Eftirfarandi líður 12.11.2.3 bætist við:
„12.11.2.3. Staðall 2.1 gildir um líkamsskanna sem eru settir upp frá og með 1. janúar 2021.“
- 51) Í stað liðar 12.12 kemur eftirfarandi:
„12.12 BÚNAÐUR TIL SKÓSKÖNNUNAR
12.12.1 **Almennar meginreglur**
12.12.1.1. Skóskanni skal a.m.k. geta greint tiltekna málmhluti, bæði stakan hlut eða fleiri hluti saman, og gefið það til kynna með viðvörunarmerki.
12.12.1.2. Skósprengruskanni skal a.m.k. geta greint tiltekna sprengifima hluti og gefið það til kynna með viðvörunarmerki.
12.12.1.3. Þegar hlutur greinist með hjálp skóskanna og skósprengruskanna skal það vera óháð því hvar málmhluturinn eða sprengifimi hluturinn er staðsettur eða hvernig hann snýr.
12.12.1.4. Skóskanni og skósprengruskanni skulu festir við traustan grunn.
12.12.1.5. Á skóskanna og skósprengruskanna skal vera sjónrænt merki sem sýnir að búnaðurinn sé í notkun.
12.12.1.6. Stjórnþúnaðurinn, sem er notaður til að stilla fundvísi skóskannans og skósprengruskannans, skal varinn og einungis aðgengilegur starfsmönnum sem hafa til þess heimild.
12.12.1.7. Skóskanni skal a.m.k. gefa frá sér sjónræna og heyrnlega viðvörun þegar hann greinir málmhluti, eins og um getur í lið 12.12.1.1. Báðar tegundir viðvarana skulu greinast í eins metra fjarlægð.“

- 12.12.1.8. Skósprengruskanni skal a.m.k. gefa frá sér sjónræna og heyranlega viðvörðun þegar hann greinir sprengifima hluti, eins og um getur í lið 12.12.1.2. Báðar tegundir viðvarana skulu greinast í eins metra fjarlægð.
- 12.12.2. **Staðlar fyrir skóskanna**
- 12.12.2.1. Tveir staðlar gilda um skóskanna. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þessa staðla.
- 12.12.2.2. Allir skóskannar, sem eru eingöngu notaðir við skimun annarra einstaklinga en farþega, skulu a.m.k. uppfylla staðal 1.
- 12.12.2.3. Allir skóskannar, sem eru notaðir við skimun farþega, skulu uppfylla staðal 2.
- 12.12.2.4. Allir skóskannar skulu geta fundið orsök viðvarana, sem málmleitarhlið gefur frá sér, á svæðinu á milli þess yfirborðs sem skórinn hvílir á og upp í a.m.k. 35 cm hæð.
- 12.12.3. **Staðlar Fyrir Skósprengruskanna**
- 12.12.3.1. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þennan staðal.“
- 52) Eftirfarandi liður 12.14 bætist við:
- „12.14 GREININGARTÆKI FYRIR SPRENGIFIMAR GUFUR
- 12.14.1. **Staðlar Fyrir Greiningartæki Fyrir Sprengifimar Gufur**
- 12.14.1.1. Öll greiningartæki fyrir sprengifimar gufur, sem eru notuð við skimun lestarfangurs eða farms, skulu a.m.k. uppfylla staðal 1.
- 12.14.1.2. Öll greiningartæki fyrir sprengifimar gufur sem eru notuð við skimun einstaklinga eða handfangurs, skulu a.m.k. uppfylla staðal 3.
- 12.14.1.3. Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005 er mælt fyrir um ítarlegar kröfur um þessa staðla.“
-